

## 2. gr.

12. gr. orðist svo:

Vatnsskatt greiði notendur veitunnar árlega samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a) Fyrirtæki svo sem sláturhús, frystihús og þvottastöðvar bifreiða, greiði vatnsskatt, sem stjórn vatnsveitunnar ákveður fyrir eitt ár í senn.
- b) Aðrir, sem fá vatn frá veitunni, greiði skattinn af öllum þeim húsum, sem vatn er lagt í samkvæmt gildandi fasteignamati og sé skatturinn 0.25% af fasteignamati húss og lóðar, þó þannig að lægsta gjald af íbúð skal vera kr. 2 500.00 og gjald fyrir gripahús kr. 600.00.

Ofannefnd gjöld getur stjórn vatnsveitufélagsins, sem leggur á skattinn, hækkað eða lækkað árlega um allt að 50%.

## 3. gr.

14. gr. orðist svo:

Af húsum sem tengd eru við vatnsveitukerfið eftir gildistöku reglugerðar þessarar skal greiða tengigjald eða stofngjald kr. 10 000.00, þó skal gjald fyrir gripahús vera kr. 2 000.00. Gjald þetta skal greiða áður en húsið er tengt við vatnsæð.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**S A M Þ Y K K T**

**um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur  
á Hellu í Rangárvallahreppi.**

## 1. gr.

Húseigendur í Hellukauptúni skulu greiða til sveitarstjórnar Rangárvallahrepps gatnagerðargjald skv. 3. gr. laga nr. 51/1974 af hverjum rúmmetra byggingar sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m<sup>3</sup> eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Íbúðarhús .....	1.5%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús .....	1.2%
Vörugeymslur og skemmur .....	1.0%

Auk þessa gjalds skulu lóðahafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 70.00 af hverjum fermetra lóðar.

## 2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

**3. gr.**

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 40% gjaldsins, greiðist er varanlegt slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu. Eftirstöðvar skulu greiðast með 2 jöfnum afborgunum á næstu tveimur árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú sama og fyrstu greiðslu.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

**4. gr.**

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvila og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Garðahrepps.**

**1. gr.**

2. gr. gjaldskrárinnar (frá 12. jan. 1961 með breyt. 4. maí 1972) orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem svo er ástatt um sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.4% af fasteignamati húss og lóðar (fasteignamat 1969/1970). Þó skal aldrei greiða minna en kr. 1 500.00 af hverri íbúð.

Hús þau, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skulu greiða vatnsskatt samkvæmt mæli eða áætlaðri notkun kr. 7.40 á hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1975.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*